

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

#### 7. gr.

Ketti sem leyfi er fyrir og teknir eru í vörslu er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörslunni.

Sé ómerktur eða leyfislaus köttur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum með áberandi hætti. Gefi sig enginn umráðamaður eða eigandi fram innan einnar viku, er heimilt að færa köttinn til aflífunar.

Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun katta, en á endurkröfu á eigendur þeirra.

#### 8. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Fellahrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 172/1995 um kattahald í Fellahreppi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir þeim samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. ágúst 2003.

*Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Jófríðarstaði – Skuld“ í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 13. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Jófríðarstaði - Skuld“. Breytingin gerir m.a. ráð fyrir þremur nýjum íbúðarhúsalóðum, deiliskipulagi fyrir tvær lóðir var frestað.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 26. maí 2003.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar og Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Lilja Grétarsdóttir** arkitekt.